

Hörð mót- mæli iðn- verkafólks -

Miðstjórnarfundur Landssambands iðnverkafólks haldinn 2. mars 1975 mótmælir hörðlega þeirri gifurlegu kjaraskerðingu, sem átt hefur sér stað frá gerð síðustu kjarasamninga, fyrst með bindingu vísitölunnar og þeim taumlausu verðhækkunum sem dunið hafa yfir, einkum nú síðustu mánuðina. Nú er svo komið að kjararýrun frá því að síðustu samningar voru gerðir er orðin um 30%, áður en áhrif síðustu gengisfellingarinnar eru komin út í verðlagið og vitað er um stórfelldar hækkanir aðrar, sem eru rétt ókomnar.

Það er því augljóst að kjör iðnverkafólks, sem áður voru naumt skorin, eru nú orðin með öllu óviðunandi. Þar við bætist svo að atvinnuöryggi hefir minnkað og þegar er farið að gæta nokkurs samdráttar í atvinnu iðnverkafólks.

Umræður um kjaramál við atvinnurekendur og ríkisstjórn hafa nú staðið yfir í hart nær tvo mánuði án minnsta árangurs. Ekkert tilboð er enn komið fram frá atvinnurekendum og framlag ríkisstjórnarinnar til lausnar deilunnar er ekki á nokkurn hátt líklegt til að endar nái saman.

Tilraunir verkalýðshreyfingarinnar til að leysa þessa deilu á friðsamlegan hátt hafa því engan árangur borið, en með hverjum degi sem liður versna kjör hins vinnandi fólks, svo að nú er hún knúin til að beita mætti samtakanna til lausnar deilunnar.



Frá ráðstefnu Fóstrufélagsins og rauðsokka.

Sameiginleg ráðstefna Fóstrufélags Íslands og Rauðsokkahreyfingarinnar:

Dagheimili og skólar verði á svipuðum grunni

Fóstrufélag Íslands og Rauðsokkahreyfingin héldu sameiginlega ráðstefnu 23. febrúar s.l. þar sem í erindum og vinnuhópum var fjallað um dagvistun barna og forskólafræðslu. Skipuleggjendur ráðstefnunnar hafa óskað eftir að koma eftirfarandi meginatriðum, sem rædd voru á ráðstefnunni, á framfæri:

„Við teljum að dvöl barna á vel

reknum dagvistunarheimilum undir handleiðslu sérmenntaðs fólks örvi börnin vitsmunalega og þroski þau félagslega. Kostir heimilanna nýtast þó ekki að fullu nema þar dveljist börn jafnt frá öllum þjóðfélagshópum. Hér á landi skortir töluvert á að þessu skilyrði sé fullnægt, því víðast komast þar að einungis börn foreldra sem brýna þörf hafa fyrir

að koma börnum sínum til dvalar á dagvistunarheimili.

Þróun undanfarinna ára sýnir ljóst að konur leita í vaxandi mæli til starfa utan heimilisins. Þær leita nú nærri til jafns við karlmennt eftir framhaldsmenntun og þær hljóta því að leita einnig í vaxandi mæli til almennra starfa. Við teljum það skyldu samfélagsins að búa svo í hagnin að konur geti neytt hæfileika sinna og krafta til slíkra starfa án þess að það þurfi að bitna á börnunum. Því er bryn nauðsyn á að dagvistunarheimili verði reist til að mæta þessari þörf, heimili þar sem þess er gætt að börnunum sé buin hin bestu þroskaskilyrði. Ráðstefnan skoradi því á ríkisvaldið og stjórnendur sveitarfélaga að hraða sem mest uppbyggingu dagvistunarheimila í landinu.

Með lögum um þátttöku ríkisins í byggingu og rekstri dagvistunarheimila, dagheimila, leikskóla og skóladagheimila, sem samþykkt voru á Alþingi í apríl 1973, hefur fengist full viðurkenning á hlutverki dagvistunarheimila og grundvöllur verið lagður að örári uppbyggingu og betri rekstri dagvistunarheimilanna í íslensku þjóðfélagi.

Skipuleg kennsla barna fyrir skólaskyldu er nú hafin hér á landi. Þörf er að treysta samvinnu milli dagvistunarheimila og skóla og milli foreldra og starfsfólks þessara uppeldisstofnana.

Það er álit okkar að rekstur dagvistunarheimila og skóla þurfi að vera á svipuðum grunni, og að tryggt sé fastákvæðið hlutfallslegt framlag frá ríkinu og að dagvistargjöldum sé stillt mjög í hóf, þannig að þeirri jafnréttiskröfu sé fullnægt að allir foreldrar geti átt þess kost að láta börn sín njóta vistar á barnaheimili sé þess ósk.

„Konan sem hvarf“

Brotabrot úr bókmenntum síðasta áratugs flutt á kvennadeginum í Norræna húsinu

Fréttatilkynning frá M.F.I. K. Í tilefni af alþjóðlega Kvennadeginum 8. mars 1975 efir Menn- ingar- og friðarsamtök íslenskra kvenna til fundar laugardaginn 8. mars kl. 15 (kl. 3 eh) í Norræna húsinu.

Gestur á fundinum verður fulltrúi Alþjóðasambands lýðræðis- sinnaðra kvenna Mercedes Alvarez, og flytur hún ávarp A.L.K. Varaformaður M.F.I.K. Þórunn Magnúsdóttir flytur einnig ávarp á fundinum.

Briët Héðinsdóttir og samstarfsmenn hennar hafa tekið saman fjölbreytta dagskrá. Fyrsta atriði er:


„Konan sem hvarf“ — brotabrot úr bókmenntum síðasta áratugs, tekið saman af námskonum í Heimspekideild Háskóla Íslands, þeim Dagnýju Kristjánsdóttur, Gerði Steinþórsdóttur, Turid Joansen, og Þuríði Baxter. Lesarar verða: Auður Guðmundsdóttir, Asdis Skúladóttir, Brynja Benediktsdóttir, Guðrún Alfreðsdóttir, Helga Stephensen, Steinunn Jóhannesdóttir.

Margrét Jóhannsdóttir syngur tvö lög við texta eftir Böðvar Guðmundsson, undirleik annast Sigríður Sveinsdóttir.

Síðari hluti dagskrárinnar hefst með ávarpi Vilborgar Sigurðardóttur. Helga Hjörvar flytur ljóð eftir Nínu Björk Árnadóttur Steinunn Sigurðardóttir flytur ljóð eftir sjálfa sig. Vilborg Dag-

bjartsdóttir, Brynja Benediktsdóttir og Asdis Skúladóttir flytja ljóð eftir Vilborgu og fleiri. Margrét Helga Jóhannsdóttir og

Sigríður Sveinsdóttir flytja lög við texta eftir Böðvar Guðmundsson. Kynnir verður Sólveig Hauksdóttir.



Náttkemba eftir Asgerði Búadóttur. Eitt verkanna á sýningunni í Norræna húsinu.

Þorskurinn vænn

— segja suðurnesjamenn, en tíðin rysjótt

„Það hefur aflast samilega þessa síðustu daga. Reyndar var slæmt veður í fyrradag, enginn bátur á sjó, en áður en það veður var, höfðu þeir fengið svona frá fimm og upp í tuttugu tonn neta- bátarnir. Mér virðist þetta vera vænsti þorskur“, sagði heimildarmaður okkar við landshöfnina í Njarðvíkunum.

Um 30 bátar eru á netum og leggja upp í Njarðvíkurhöfn, „og þeim á eftir að fjölga nokkuð, þegar þeir koma af loðnunni“.

Í Sandgerði voru menn ekki allveg eins hressir yfir vertíðinni og í Njarðvíkunum, „hér er heldur dauft, bara rok og læti. Núna leggja um 20 bátar upp hér, en þeir vera sjálfsgagt um 30 þegar loðnubátarnir skila sér á eðlilegar veiðar.

Það hefur verið lélegt á línunni og netunum, en þeir trollbátar sem hér hafa lagt upp hafa gert það gott. Þeir hafa verið með trollið út um allan sjó, allt suður af Reykjanesi vestur undir Jökul,

vestur á Hala, þeir hafa líka verið að fá hann í Víkurálnum. Bergþór, 140 tonna bátur sem gerður er út héðan, hefur gert það gott, hefur fengið um 380 tonn af göðum fiski — mest þorski, af þessum afla hans eru aðeins um 20 tonn ufsi“.

Í Hafnarfirði er öðruvísi tekið til orða, þar landa togarar meira en bátar, aðeins tveir netabátar landa núna í Hafnarfirði, og hefur verið tregt hjá þeim — og svo gleypir Lýsi og mjöl ósköpin öll af loðnu til bræðslu þessa dagana.

„Þeir hafa fengið átta til tólf tonn á netunum undanfarið“, sagði heimildamaður okkar, „og verða væntanlega fleiri á netum en þessir tveir þegar loðnan fer að tregast“. Júní var að landa hér 250 tonn sem hann fékk í Víkurálnum fyrir festan. Skafti frá Hofsi er hér inni núna með 50 tonn. Jón Vídalín kemur á morgun — það er nægur fiskur í vinnslu hjá Bæjarútgerðinni og líka nokkuð keyrt hingað t.d. frá Þorlákshöfn“. —GG

Skákkeppni verkalýðsfélaganna:

Sveit Dagsbrúnar vann

A þriðjudag var haldin hraðskákkeppni verkalýðsfélaganna og tóku 16 sveitir þátt í mótinu, þar af fjórar sveitir frá Dagsbrún.

Sigurvegari varð e sveit Dagsbrúnar með 46 vinninga, næst varð A sveit Dagsbrúnar með 42,5v. Þriðja varð sveit Múrara-

félags Reykjavíkur með 35,5 v. og fjórða sveit HÍP með 35 vinninga.

Að mótinu loknu voru afhent verðlaun í Skákkeppni verkalýðsfélaganna og hlaut A-sveit Dagsbrúnar fagran farandsbikar gefinn af ASI og fallega verðlaunapeninga frá TR ásamt skrautrituðu skjali.

Sólrisuhátíð

Dagana 10.-16. mars verður haldin á Ísafirði sólrisuhátíð. Hátíðin er haldin á vegum listafélags menntaskólans á Ísafirði. A dagskrá hátíðarinnar er fjölbreytt efni, að mestu tengt bókmenntum og listum. Má í því sambandi nefna grafíksýningu, skáldavöku, tónlistarkvöld og

kynningu á verkum Halldórs Laxness. Einnig munu Ruth Magnússon og Jónas Ingimundarson skemmta, brúðuleikhús sýna og sýndar verða tvær úrvallskvikmyndir. Fyrirhugað er að félagið standi fyrir menningardagskrám síðar í mánuðinum einnig.

Stefnt er að því, segir í frétt frá Listafélagi Menntaskólans á Ísafirði, að sólrisuhátíðin verði árlegur viðburður í ísfrsku bæjarlífi. Hún á að vera framlag menntaskólanema til menningarlífs í bænum. Hin fyrri sólrisuhátíð hlaut mjög góðar undirtektir og vænta aðstandendur hátíðarinnar þess að svo verði einnig nú.